Varðandi aðild Skeiða- og Gnúpverjahrepps má nefna að í reynd hafa allir notendur rammasamninga greitt aðildargjald áður í gegnum minni afslátt sem nam 1 – 2% af verðmæti viðskiptanna þeirra við seljendur/birgja þessa viðskiptakerfis.

Seljendur/birgjar skiluðu gjaldinu til Ríkiskaupa í samræmi við söluyfirlit sem þeir skila inn ársfjórðungslega. Ríkisstjórnin ákvað að fenginni tillögu fjármála- og efnahagsráðherra í ágúst á sl. ári að breyta fjármögnun rammasamningakerfis ríkisins og þar með Ríkiskaupa, að hluta, frá og með 1. janúar 2017. Frétt um þetta birtist fyrst á vef FJR þann 13. október sl. og í einhverjum fjölmiðlum. Ríkiskaup sendu síðan bréf til allra notenda rammasamninga í byrjun ársins og seljenda með leiðbeiningum. Sérstök kynning á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga var laugardaginn 20. maí sl. á vorfundi samtaka stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum sveitarfélaga í Grindarvík. Meðfylgjandi er kynningarefni frá þeim fundi. Auk þess hafa verið haldnar sérstakar kynningar fyrir sveitarfélög sem þess hafa óskað.

Gjaldskránni er skipt upp í 5 flokka og ákvarðast gjald eftir heildarrekstrargjöldum (A+B-hluta v. sveitarfj.) skv. ársreikningi 2015. Samkvæmt upplýsingum um heildarrekstrargjöld hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga lendir sveitarfélagið í 4. flokki sem eru 500 þús. kr. án vsk. Þetta aðildargjald mun þá vera fyrir allar þær stofnanir sveitarfélagsins sem heyra undir bæði A- og B-hluta rekstursins þótt þær hafi verslað á sér kennitölu.

| Flokkur | Stærð m.v. rekstrargjöld | Aðildargj.kr. |
|---|---|---|
| 1. | >25 mia.kr | 7.500.000 |
| 2. | >6 - 25 mia.kr. | 3.000.000 |
| 3. | >1 - 6 mia.kr. | 1.000.000 |
| 4. | 0,5 - 1 mia.kr | 500.000 |
| 5. | Lágm.gjald | 200.000 |

Samkvæmt upplýsingum frá seljendum var nettóveltan ykkar tæpar 38 mkr. (sjá töflu hér neðar). Af þessari upphæð má reikna þau afsláttarkjör sem sveitarfélagið hefur notið, sé miðað við að hann hafi að jafnaði verið amk. 25%. Árið 2015 voru afslættir á bilinu 10,5% - 43%. Að auki er ýmis annar viðbótarávinningur af aðild rammasamninga sem meðal annars var tíundaður í því bréfi sem sent var í pósti með reikningnum fyrir aðildargjaldinu, fyrrnefndu kynningarbréfi sem sent var út í janúar og meðfylgjandi kynningu.

Við hvetjum ykkur til þess að ganga frá aðildarumsókn og að vera virkir þátttakendur og nýta rammasamningsaðildina til fulls með því m.a. að fylgjast með heimasíðu Ríkiskaupa, vera áskrifendur að fréttum og hafa virkan aðgang að læstu vefsvæði með nánari upplýsingum um kjör innan rammasamninga. Full nýting rammasamninga og þjónustu Ríkiskaupa er ein ódýrasta leið til að ná árangri í daglegum rekstri opinberra stofnana eins og sveitarfélaga. Ef þessar upplýsingar nægja ekki þá skaltu ekki hika við að hafa samband við mig aftur, hringja eða senda póst.

Með kveðju, Birna M



| | Upphæð |
|---|---|
| 01.01 | 62.038 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 62.038 |
| 02.01 | 160.204 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 160.204 |
| 03.01 | 909.972 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 909.972 |
| 03.02 | 1.348.226 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 1.348.226 |
| 03.06 | 2.135.125 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 2.135.125 |
| 04.01 | 1.043.145 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 1.043.145 |
| 06.02 | 110.099 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 110.099 |
| 07.06 | 12.221 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 12.221 |
| 08.02 | 79.090 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 79.090 |
| 08.03 | 796.025 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 796.025 |
| 09.03 | 143.373 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 143.373 |
| 10.01 | 27.534 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 27.534 |
| 11.11 | 78.366 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 78.366 |
| 12.02 | 646.742 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 646.742 |
| 14.10 | 8.990 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 8.990 |
| 15.01 | 1.450 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 1.450 |
| 16.03 | 14.796 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 14.796 |
| Grand Total | 7.577.395 |



-------- Upprunalegt skeyti --------